



FRÉTTATILKYNNING
FRÁ
SKRIFSTOFU FORSETA ÍSLANDS

FORSETI ÍSLANDS SITUR STJÓRNARFUND SPECIAL OLYMPICS Í WASHINGTON

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson situr stjórnarfund í Special Olympics samstökunum í dag, mánudaginn 7. nóvember og á morgun, þriðjudaginn 8. nóvember. Forseti mun jafnframt eiga fundi með þingmönnum í fulltrúadeild og öldungadeild Bandaríkjaþings meðan á dvöl hans í Washington stendur.

Special Olympics, eða Alþjóðaleikar þroskaheftra, skipuleggja íþróttastarf fyrir ungt fólk sem glímir við ýmsa erfiðleika og starfa samtökin nú í 160 löndin og alls eru tvær milljónir ungmenna sem taka þátt í íþróttum á þeirra vegum.

Meðal viðfangsefna stjórnarfundarins í Washington er að skipuleggja næstu alþjóðleika Special Olympics sem haldnir verða í Shanghai í Kína árið 2007. Þá verður einnig rætt hvar halda skuli næstu vetrarleika samtakanna en fyrr á þessu ári voru þeir haldnir í Japan, en þar gátu íslenskir þátttakendur sér gott orð. Meðal annarra umræðuefna á stjórnarfundinum er hvernig hægt er að tengja íþróttastarf nánar skipulagi heilbrigðismála og nauðsyn þess að efla skilning á mikilvægi íþróttar fyrir traust fjölskyldulíf. Einnig verður fjallað um hvernig hægt er að bæta aðstöðu til íþróttaiðkara og mennta þjálfara sem vinna með ungmönnum á þessu sviði, einkum í Afríku og öðrum löndum þriðja heimsins.

Íþróttasamband fatlaðra er aðili að Special Olympics og hefur fjöldi þátttakenda á þess vegum tekið þátt í heimsmótum, bæði í Bandaríkjunum og á Írlandi auk vetrarleikanna í Japan.

7. nóvember 2005

Nánari upplýsingar um ferð forseta Íslands til Bandaríkjanna veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028)